

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

4. málslíður 1.1. mgr. 1. gr. reglnanna fellur brott.

13. tl. 1.3. mgr. 1. gr. reglnanna orðast svo:

Sjósetningarbúnaður er tæki/fyrirkomulag, t.d. skábraut til að flytja björgunarfar eða léttbát frá geymslustað í sjóinn.

Við 1.3. mgr. 1. gr. reglnanna bætist nýr tölulíður:

25. **Losunar- og sjósetningarbúnaður** er tæki til að losa uppblásanlegan björgunarfleka frá skipi, sjósetja hann og ræsa uppblástur hans sjálfvirk.

2. gr.

2.1. mgr. 2. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Öll björgunar- og öryggistæki og tengdur búnaður, þ.m.t. lögboðin siglingatæki, eru háð viðurkenningu Samgöngustofu.

Í skipum sem skrá skal á íslenska skipaskrá og í öðrum skipum á skrá, þar sem björgunarbúnaður er endurnýjaður eftir 1. janúar 2025 gildir eftirfarandi: Nema annað sé sérstaklega tekið fram skal skipsbúnaður, sem er skráður í tilskipun 2014/90/ESB, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 989/2016, og uppfyllir ákvæði þeirrar reglugerðar, teljast sjálfkrafa vera í samræmi við ákvæði þessara reglna. Þetta á jafnt við um ákvæði, þar sem krafist er að búnaðurinn sé viðurkenndur eða samþykktur og að hann sé háður prófunum sem taldar eru fullnægjandi að mati stjórnvalda. Þetta ákvæði á jafnframt við ef gerðar eru séríslenskar kröfur til skipsbúnaðar í þessum reglum.

Fyrir önnur skip sem þegar eru á skrá gilda þær kröfur til búnaðar sem í gildi voru fyrir 1. janúar 2025.

3. gr.

Lokamálsliður 5.1.2. mgr. 5. gr. reglnanna fellur brott.

4. gr.

7. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Fyrirsögn 7. gr. verður: Losun og sjósetning björgunarfleka.

7.1.2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Farþegaskip, önnur en þau sem falla undir gr. 7.1.1., skulu vera með losunarbúnað þar sem unnt er að losa björgunarflekana frá skipinu handvirkt á staðnum. Enn fremur skulu björgunarflekarnir vera tengdir losunarbúnaði sem losar þá frá skipinu fyrir áhrif sjávar og fjarstýrðum búnaði sem einnig losar flekana frá skipinu frá stjórnþalli eða öðrum hentugum stað. Tryggja skal virkni búnaðarins gagnvart sjósetningu björgunarflekans þó skipið hafi allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn og allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar.

7.2.1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Á skipum þessum, sem skylt er að hafa einn eða fleiri björgunarfleka, skal a.m.k. einn fleki, sem rúmar alla um borð, vera búinn losunarbúnaði þannig að unnt sé að losa flekann handvirkt frá skipinu á staðnum.

Í 7.2.2. mgr. 7. gr. falla orðin „með einu handtaki“ brott.

7.3.1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Skip þessi skulu búin losunarbúnaði í samræmi við gr. 7.2.1. – 7.2.2. ásamt sjósetningarbúnaði eða fyrirkomulagi, sem sjósetur flekann og ræsir uppblástur hans sjálfvirkt. Slík útfærsla skal annaðhvort:

- a) uppfylla viðauka III um losunar- og sjósetningarbúnað, eða;
- b) geta losað og sjósett björgunarflekann við allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn sem er og allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar sem er. Slíkur losunarbúnaður skal vera í samræmi við reglugerð nr. 989/2016 og skal búnaðurinn uppfylla kröfur LSA-kóðans að öðru leyti, sé hann settur um borð eftir 1. janúar 2025.

7.3.2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Skip þessi skulu hafa á hvorri hlið a.m.k. einn björgunarfleka búinn í samræmi við gr. 7.3.1., sem skal rúma a.m.k. helming skipverja.

7.7.1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Losunarbúnað, sjósetningarbúnað og fyrirkomulag, losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega í samræmi við fyrirmæli Samgöngustofu eða endurnýja í samræmi við gildistíma.

7.7.2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstökum aðilum starfsleyfi til að annast skoðun og viðhald losunarbúnaðar, sjósetningarbúnaðar og losunar- og sjósetningarbúnaðar.

5. gr.

Hvar sem orðin „Siglingastofnun Íslands“ eða „Siglingastofnun“ koma fyrir í reglunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

Hvar sem orðið „Siglingamálastjóri“ kemur fyrir í reglunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

Hvar sem orðið „gúmmíbjörgunarbátur“ kemur fyrir í reglunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: björgunarfleki.

Hvar sem orðið „bátur“ kemur fyrir í reglunum og verið er að fjalla um gúmmíbjörgunarbát, komi í viðeigandi beygingarfalli: fleki.

Hvar sem orðið „brl“ (brúttórúmllestir) kemur fyrir, komi í viðeigandi beygingarfalli: bt (brúttótonn).

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild 2. mgr. 24. gr. skipalaga nr. 66/2021, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 1. október 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.